

## Glær háskerpu skjávarpamálning

### Smart Clear Projector Screen Paint

Smart Clear Projector Screen Paint er glær hágæða skjávarpamálning. Hún er hönnuð til að endurkasta myndefni úr tölvuleikjaumhverfi og heimabíóum með fullkominni skerpu í tiltölulega björtum rýmum. Gegnsæ áferðin gerir hefðbundinn vegg á heimilinu, í fundaherbergi eða skólastofu að fullkomnum skjávarpflöt án þess að umbreyta ásýnd hans eða hönnun rýmisins. Með Smart Clear Projector Screen Paint málningunni fer skjávarpflöturinn beint á sléttan, málaðan vegginn og því er engin þörf fyrir fyrirferðarmikil og dýr skjávarpatjöld. Þetta er því hagkvæm en jafnframt fagurfræðilega góð lausn.

Glæra skjávarpamálningin er hönnuð til að nota með gagnvirkum, HD, 4K og stöðluðum skjávörpum með stillanlegri litaleiðréttingu. Hún er auðveld í notkun og má mála yfir áður málaðan vegg til að breyta honum í skjávarpflöt. Við það batna myndgæðin því glæra filman er sérstaklega hönnuð til að draga úr truflun af völdum ljóss í umhverfinu en stillir líka saman endurkast lita og ljóss til að skapa óaðfinnanlega 120" (320 cm breidd) mynd á vegginn (eða á stærri flöt ef þurfa þykir).

Smart Clear Projector Screen Paint skjávarpamálningin er auðveld í notkun. Setjið rýmið í þann lit sem óskað er og málið síðan tvær umferðir af glæru skjávarpamálningunni yfir – hún er mött þannig að liturinn sem fyrir er verður fyrir litlum áhrifum. Gott er að slípa málaða flötinn fyrst áður en glæra efnið fer yfir. Það tryggir bestu myndgæðin – skýrar, skarpar og bjartar myndir fást sem eru alltaf miklu betri en ef myndum er varpað á venjulegan, málaðan vegg.

Efnið er selt í pakkasetti sem inniheldur málningu, verkfæri og leiðbeiningar.

### Innihald pakka

- 1 x skjávarpamálning fyrir 4,5 m<sup>2</sup> veggflöt
- 1 x rúlluskaftr
- 1 x rúllur
- 1 x leiðbeiningabæklingur

### Aðalatriðin:

- Skjávarpamálning hönnuð fyrir tölvuleikjaumhverfi og heimabíó
- Bætir upplausn mynda
- Aukin samræming í endurkasti lita
- Minni truflun af ljósi
- Samræming í endurkasti ljóss
- Dregur ekki í sig ryk, má þrifa
- 5 ára ábyrgð
- Þróuð, hönnuð og sannreynd fyrir notkun með leiðandi framleiðendum skjávarpa, svo sem Epson, BenQ, Sony, Panasonic, LG og Optoma

- Engir ljósablettir (hotspots)
- Pakkinn inniheldur allt sem þarf til uppsetningar
- Auðveld í notkun – tvær umferðir af málningu
- Flöturinn er tilbúinn til notkunar eftir 24 klukkustundir
- Má þrifa með vatnsrökum klút án hreinsiefna

### Tæknilegar upplýsingar

Þekja: 279 x 157 cm (4,50 m<sup>2</sup>) í 16:9 myndhlutfalli

Þyngd/Magn: 770 ml /822 g

Endurkast skjáljóss (gain value): 1,0 við 140° sjónarhorn

Lýsing: Virkar vel í bjartari rýmum með venjulegri / góðri umhverfislýsingu

Minnsta Lúmen-gildi sem mælt er með: 1,200

Litaupplausn: 75%

Endurkast ljóss: 80%

Litur: Glær

Gljástig: Matt

Myndskerpa: 75%

Skjástærð: 120"/320 cm í myndhlutfalli 16:9

Tegund skjávarpa: Hentar bæði sk. „short throw“ og „ultra short throw“ skjávörpum

Umhverfisáhrif: Engin leysiefni eða rokgyörn lífræn efni (VOC). Án PFOA, PFOS og ísósýanata

Vottanir: Óháð frammistöðuskýrsla um skjávörpun – CREST, gæðastaðall fyrir gifsáferð er stig Q4 í EB / stig 5 í BNA

Viðeigandi fleti: Smart Clear Projector Screen Paint málningin hentar á alla slétta fleti, þ.e. vegg, gifs, steypu, við, málm o.s.frv.

### Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og fastur í sér. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Mælið svæðið sem mála á og merkið útjaðrana með málningarlímbandi
- Smart Clear Projector Screen Paint skilar bestum árangri á alveg sléttum flötum. Ógrunnaða fleti þarf fyrst að grunna og gott að klappa yfir grunninn á eftir með sandpappír. Fullmálið svo áður en glæra skjávarpamálningin er notuð

- Hrærið upp í skjávarpamálningunni og rúllið fyrstu umferðina
- Rúllið seinni umferðinni á flötinn þegar sú fyrsta er þornuð (eftir um 2-4 klst við 20°C)
- Hlífið nýmáluðum fletinum í 24 klst. fyrir notkun